

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ársreikningur 2022

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík
kt. 480676-0179

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting ársreiknings	3
Áritun ríkisendurskoðanda	4
Áritun endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Reikningsskilaaðferðir eru í megin atriðum þær sömu og árið áður.

Á árinu 2022 var tekjuafgangur Jöfnunarsjóðs 712,6 m.kr. samanborið við tekjuhalla upp á 121,1 m.kr. árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 8.720,9 m.kr., skuldir 7.291,4 m.kr. og eigið fé nam 1.429,5 m.kr.

Innviðaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, september 2023

Undirritað rafrænt

Sigurður Ingi Jóhannsson

innviðaráðherra

Undirritað rafrænt

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

formaður ráðgjafarnefndar
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Áritun ríkisendurskoðanda

Til innviðaráðherra

Forsendur, hlutverk og ábyrgð ríkisendurskoðanda

Ríkisendurskoðandi starfar á grundvelli laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og fylgir siðareglum alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana. Hlutverk ríkisendurskoðanda er að tryggja að fram fari endurskoðun og eftirlit í samræmi við 4. gr. laganna.

Ríkisendurskoðandi ber húsbóndaábyrgð á störfum þeirra endurskoðenda sem starfa hjá Ríkisendurskoðun og framkvæma endurskoðun á grundvelli laga um endurskoðendur og endurskoðun, lögum um ársreikninga og þeim almennu reglum sem þeir hlíta samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Ríkisendurskoðun, september 2023

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til innviðaráðherra

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2022, afkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila (ISSAI). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér á eftir. Við erum óháð Jöfnunarsjóðnum og höfum starfað í samræmi við lög nr. 46/2016 um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur Ríkisendurskoðunar. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál, settar reglur og fyrirmæli. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær geta haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda frh.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á ársreikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé á svig við reglur um innra eftirlit.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórnendur sjóðsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar. Jafnframt var upplýst um mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, september 2023

Undirritað rafrænt

Óskar Sverrisson,
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2022

Tekjur	Skýr.	2022	2021
Framlag ríkissjóðs.....	1	26.494.227	21.573.165
Framlag sveitarfélaga.....	2	36.541.884	32.372.743
Önnur framlög.....	3	1.490.262	1.553.734
Tekjur alls		<u>64.526.373</u>	<u>55.499.642</u>
 Framlög			
Bundin framlög.....	4	1.634.894	1.332.614
Sérstök framlög.....	5	8.865.687	6.284.154
Jöfnunarframlög.....	6	14.000.000	13.000.000
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla.....	7	15.711.837	13.922.303
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.....	8	23.646.787	21.016.309
Framlög alls		<u>63.859.205</u>	<u>55.555.379</u>
 Rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld.....	9	9.786	7.807
Annar rekstrarkostnaður.....	10	160.680	133.230
Rekstrarkostnaður samtals		<u>170.466</u>	<u>141.037</u>
Framlög og gjöld alls		<u>64.029.671</u>	<u>55.696.416</u>
Rekstrargjöld/tekjur		496.702	(196.774)
Fjármagnstekjur/gjöld.....	11	215.849	75.726
Afkoma ársins	16	<u>712.551</u>	<u>(121.048)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Veltufjármunir:			
Sveitarfélög, staða.....	12	3.852.921	3.509.266
Ríkissjóður, vegna framlaga.....	13	111.627	1.294.965
Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla.....	14	8.075	27.339
Áfallnar vaxtatekjur.....		1.416	314
Aðrar skammtímakröfur.....	15	8.869	8.477
Skammtímakröfur samtals		<u>3.982.909</u>	<u>4.840.361</u>
Handbært fé:			
Bankareikningar.....		<u>4.738.078</u>	<u>2.043.530</u>
Eignir alls		<u><u>8.720.987</u></u>	<u><u>6.883.892</u></u>
Utan efnahagsreiknings.....	19	14.655.596	14.413.077

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll.....	16	<u>1.429.543</u>	<u>716.992</u>
Skammtímaskuldir:			
Ríkissjóður, vegna dóms.....		375.000	675.000
Sveitarfélög og aðrar skuldir.....	17	6.468.077	4.009.650
Önnur framlög, greiðslustaða.....	18	<u>448.367</u>	<u>1.482.250</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.291.444</u>	<u>6.166.900</u>
Skuldir samtals		<u>7.291.444</u>	<u>6.166.900</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>8.720.987</u></u>	<u><u>6.883.892</u></u>

Sjóðstreymi árið 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar:			
<i>Veltufé frá rekstri</i>			
Tekjuafkoma samkv. rekstrarreikningi.....		712.551	(121.048)
Veltufé frá rekstri /til rekstrar		<u>712.551</u>	<u>(121.048)</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....		(325.885)	774.251
Skammtímaskuldir hækkun/(lækkun).....		1.424.545	(942.980)
		<u>1.098.660</u>	<u>(168.729)</u>
 Handbært fé frá rekstri / til rekstrar		<u><u>1.811.211</u></u>	<u><u>(289.777)</u></u>
 Fjármögnunarhreyfingar:			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		(26.494.227)	(21.573.165)
Greitt úr ríkissjóði.....		27.377.564	20.144.862
		<u>883.337</u>	<u>(1.428.303)</u>
 Hækkun/lækkun á handbæru fé.....		2.694.548	(1.718.080)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>2.043.530</u>	<u>3.761.610</u>
 Handbært fé í árslok		<u><u>4.738.078</u></u>	<u><u>2.043.530</u></u>

Skýringar

Starfsemi

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga gilda ákvæði III. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sjóðurinn er í vörslu innviðaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 líkt og ársreikningar A-hluta ríkisaðila. Ársreikningurinn er á rekstrargrunni og eru reikningsskilareglur í meginatriðum hliðstæðar og árið á undan.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru metnar á kostnaðarverði.

Handbært fé

Til handbærs fjár telst óbundin innstæða á bankareikningum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

Þjónustusamningur við innviðaráðuneytið

Jöfnunarsjóður hefur gert samning við innviðaráðuneytið um þjónustu og aðstöðu hjá ráðuneytinu. Núgildandi samningur er frá 31. janúar 2018.

Bókhald

Samningur var gerður við Fjársýslu ríkisins árið 2016 um að annast allt bókhald fyrir Jöfnunarsjóð, bókun reikninga og framlaga til sveitarfélaga og annarra ásamt því að sjá um allar greiðslur fyrir sjóðinn, afstemmingar, uppgjör og skil á uppgjörum og öðru til sveitarfélaga.

Skattar

Eins og aðrar stofnanir sem ríki og sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga undanþeginn skattskyldu, sbr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Skýringar

Tekjur:

1 Framlag ríkisins

Reiknað framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs auk 0,264% af álagningarstofni útsvars síðasta tekjuárs.

	2022	2021
Hlutur Jöfnunarsjóðs í innheimtum skatttekjum ríkissjóðs og útsvarsstofni sveitarfélaga	25.084.227	21.173.165
Viðbótarframlög frá ríkissjóði.....	1.410.000	400.000
Samtals	26.494.227	21.573.165

2 Framlag sveitarfélaga

Framlag sveitarfélaga er ákveðin hlutdeild af útsvarsstofni.

0,77% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	15.621.084	13.665.192
0,77% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs	365.990	497.883
0,99% af útsvarsstofni - staðgreiðsla	20.084.251	17.569.532
0,99% af álagningarstofni útsvars umfram staðgreiðslu sl. árs.....	470.559	640.135
Samtals	36.541.884	32.372.743

3 Önnur framlög

Framlög frá mennta- og barnamálaráðun. v. tónlistarfræðslu.....	661.600	590.101
Framlög frá félags- og vinnum.rn. vegna NPA og lengdrar viðveru.....	748.400	762.700
Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	80.262	200.933
Samtals	1.490.262	1.553.734

Gjöld:

4 Bundin framlög

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir bundin framlög til samtaka og stofnana sveitarfélaga. Framlögin eru samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga.....	582.566	515.352
Landshlutasamtök	326.314	284.270
Innheimtustofnun sveitarfélaga	669.044	477.065
Umsjónarnefnd eftirlauna	533	608
Húsafriðunarsjóður	56.437	55.319
Samtals	1.634.894	1.332.614

Skýringar

5 Sérstök framlög

Til sérstakra framlaga teljast framlög til sveitarfélaga vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi og rekstri þeirra. Framlöggin eru samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 11. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Framlöggin vegna eflingar tónlistarfræðslu eru samkvæmt reglum frá 31. ágúst 2016.

	2022	2021
Sameining sveitarfélaga.....	1.124.003	535.801
Framlög vegna samþættingar.....	1.100.000	0
Framlög vegna fjárhagserfiðleika	47.000	41.046
Framlög til framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum	29.637	20.841
Framlög til jöfnunar á tekjutapi v/fasteignaskatts	5.797.356	5.021.440
Framlög til sérstakra verkefna	106.091	74.925
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu	661.600	590.101
Samtals	<u>8.865.687</u>	<u>6.284.154</u>

6 Jöfnunarframlög

Jöfnunarframlög skiptast í tekjujöfnunarframlög til að jafna tekjur sveitarfélaga miðað við að þau hafi fullnýtt tekjustofna sína og útgjaldajöfnunarframlög til að mæta mismunandi útgjaldapörf sveitarfélaga að teknu tilliti til stærðarhagkvæmni og tekna þeirra. Framlöggin eru samkvæmt 13. og 14. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á grundvelli 12. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Tekjujöfnunarframlög	1.400.000	1.400.000
Útgjaldajöfnunarframlög	12.600.000	11.600.000
Samtals	<u>14.000.000</u>	<u>13.000.000</u>

7 Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla samkvæmt reglugerð nr. 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla á grundvelli 13. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

Almenn framlög.....	11.959.734	10.510.468
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.....	2.990.353	2.784.535
Framlög v/nýbúafraeðslu.....	592.422	494.865
Skólabúðir að Reykjum.....	73.244	62.056
Önnur framlög	96.084	70.379
Samtals	<u>15.711.837</u>	<u>13.922.303</u>

Skýringar

8 Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk eru samkvæmt reglugerð nr. 192/2023 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2022.

	2022	2021
Almenn framlög v. þjónustu við fatlað fólk.....	21.945.176	19.003.289
Framlög vegna breytingakostnaðar.....	519.688	389.249
Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	0	605.000
Framlög vegna NPA.....	719.200	708.100
Framlög vegna lengdrar viðveru.....	195.000	190.000
Stofnkostnaðarframlög v/málefna fatlaðs fólks.....	267.723	120.671
	<u>23.646.787</u>	<u>21.016.309</u>

9 Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður fastra starfsmanna sjóðsins er innifalinn í þjónustusamningnum við innviðaráðuneytið. Laun og launatengd gjöld nefndarmanna í ráðgjafarnefndinni eru færð hér.

Nefndar- og stjórnarlaun.....	8.988	6.706
Launatengd gjöld.....	798	1.101
Samtals	<u>9.786</u>	<u>7.807</u>

10 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður er nokkuð svipaður á milli ára en mesta breytingin liggur í hækkun vegna þjónustusamnings við ráðuneytið og aukningu í aðkeyptri þjónustu.

Bókhaldsþjónusta.....	16.437	14.934
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	25.412	19.401
Funda- og ferðakostnaður.....	10.058	7.695
Þjónustusamn. við innviðaráðuneytið.....	107.779	89.453
Ýmis kostnaður.....	994	1.746
Samtals	<u>160.680</u>	<u>133.230</u>

11 Hreinar fjármunatekjur

Vaxtagjöld.....	(162)	(491)
Vaxtatekjur.....	276.537	97.715
Fjármagnstekjuskattur.....	(60.526)	(21.497)
Samtals	<u>215.849</u>	<u>75.726</u>

Skýringar

12 Staða við sveitarfélögin v/óinnh. staðgreiðslu

Í lok árs 2022 nam krafa Jöfnunarsjóðs á sveitarfélögin vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu launa í desember 3.252,9 m.kr. samanbórið við 2.898,2 m.kr. árið áður. Ofgreitt framlag v/dóms Hæstaréttar lækkar um 11,1 m.kr.

	2022	2021
Sveitarfélög v/hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu.....	3.252.921	2.898.168
Ofgreitt framlag - Dómur Hæstaréttar.....	600.000	611.098
Samtals	<u>3.852.921</u>	<u>3.509.266</u>

13 Ríkissjóður, vegna framlaga

Staða við ríkissjóð:

Fjárlög ársins 2022.....	24.972.600	20.178.200
Viðbótarframlag.....		(400.000)
	<u>24.972.600</u>	<u>19.778.200</u>
Framlög ríkissjóðs:		
2,111% af innheimtum skatttekjum ársins 2022.....	20.106.739	16.524.854
0,264% af álagningarstofni útsvars tekjuárið 2021.....	5.020.658	4.490.640
Leiðrétting, endurskoðað framlag 2021.....	(43.170)	157.671
Ríkissjóður, lögbundin framlög samtals	<u>25.084.227</u>	<u>21.173.165</u>
Ríkissjóður, vegna framlaga	111.627	1.394.965
Skuld vegna ofgreiðslu.....		(100.000)
Nettó krafa á ríkissjóð	<u>111.627</u>	<u>1.294.965</u>

14 Ríkissjóður, eftirstöðvar, innheimt staðgreiðsla

Í árslok 2022 átti Jöfnunarsjóður inni hjá ríkissjóði 8,1 m.kr. vegna innheimtu á staðgreiðslu miðað við 27,3 m.kr. árið áður.

Ríkissjóður v/hlutdeildar í innheimtri staðgreiðslu.....	8.075	27.339
Samtals	<u>8.075</u>	<u>27.339</u>

Skýringar

15 Aðrar skammtímakröfur	2022	2021
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Ýmsar útistandandi kröfur.....	0	418
Annað.....	8.869	8.059
	<u>8.869</u>	<u>8.477</u>
16 Eigið fé		
Yfirlit um breytingu á eigin fé á árinu greinist þannig:		
Höfuðstóll 1/1.....	716.992	838.040
Tekjuafgangur (-hali) ársins.....	712.551	(121.048)
Höfuðstóll 31/12	<u>1.429.543</u>	<u>716.992</u>
17 Sveitarfélög og aðrar skuldir		
Sveitarfélög og aðrar skuldir greinast þannig:		
Framlög vegna yfirfærslu grunnskólans.....	2.381.096	1.184.335
Framlög v. yfirfærslu á málefnum fatlaðra.....	3.100.000	2.130.000
Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs, staða.....	716.965	716.965
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur.....	0	69
Ýmsar skuldir.....	270.016	(21.719)
Samtals	<u>6.468.077</u>	<u>4.009.650</u>
18 Önnur framlög, greiðslustaða		
Ógreidd/ofgreidd framlög lækka um 1.033,9 m.kr. frá fyrra ári eða um 69,8%.		
Almenn jöfnunarframlög vegna grunnskóla.....	346.460	400.369
Framlög vegna fasteignaskatts.....	13.918	127.113
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu.....	4.138	4.138
Almenn jöfnunarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk.....	81.395	822.749
Framlög vegna NPA.....	2.456	127.881
Samtals	<u>448.367</u>	<u>1.482.250</u>

Skýringar

19 Utan efnahagsreiknings

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971, með síðari breytingum, sbr. d-lið 10. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar til að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar svo og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga kveða ekki á um að Innheimtustofnun endurgreiði Jöfnunarsjóði þessi framlög. Ef þau skilyrði skapast að Innheimtustofnun innheimti meðlög umfram það sem hún þarf á að halda til að standa í skilum við Tryggingastofnun ríkisins og greiðslu rekstrarkostnaðar þá endurgreiði hún þann hluta til Jöfnunarsjóðs. Uppsöfnuð framlög til Innheimtustofnunar eru því tilgreind hér til að sýna hversu mikið fé er bundið í innheimtukerfi meðlaga og er sama fjárhæð bókfærð sem framlag Jöfnunarsjóðs í ársreikningi Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

	2022	2021
Flutt frá fyrra ári	14.413.078	14.486.061
Framlag ársins	669.044	477.065
Afskrifaðar kröfur á árinu	(426.526)	(550.049)
Samtals	<u>14.655.596</u>	<u>14.413.077</u>

20 Fimm ára yfirlit í m.kr. á verðlagi hvers árs

	2022	2021	2020	2019	2018
Rekstur					
Rekstrartekjur.....	64.526	55.500	53.425	50.244	47.684
Rekstrargjöld.....	(64.030)	(55.696)	(53.443)	(49.925)	(47.766)
Fjármunatekjur/(gjöld).....	216	76	65	(158)	121
Tekjuafgangur/halli ársins	<u>713</u>	<u>(121)</u>	<u>48</u>	<u>161</u>	<u>39</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir.....	8.721	6.884	8.081	5.553	4.483
Eignir alls	<u>8.721</u>	<u>6.884</u>	<u>8.081</u>	<u>5.553</u>	<u>4.483</u>
Eigið fé.....	1.430	717	838	790	629
Skammtímaskuldir.....	7.291	6.167	7.243	4.762	3.854
Eigið fé og skuldir alls	<u>8.721</u>	<u>6.884</u>	<u>8.081</u>	<u>5.553</u>	<u>4.483</u>